

23. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 06.09 2011, Végarði kl. 13.30

Mætir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund kl. 13.45 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Framkvæmdir við Laugarfellskála

Fundargerðir verkfunda 10.08 og 01.09

3. Styrkvegir, vegamál og vegskilti

4. Aðalfundur SSA, Hallormsstað 30.09-01.10

Kosning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa

5. Bréf

- a) Eiríkur J. Kjerúlf 02.09
- b) Landsvirkjun 11.08
- c) Jafnréttisstofa 15.08
- d) Innanríkisráðuneytið 10.08
- e) Helgi Hallgrímsson 08.08
- f) Iðnaðarráðuneytið 19.08
- g) Innanríkisráðuneyti. 01.09.2011

6. Umhverfisstyrkir

- a) Ábúendur Arnheiðarstaða
- b) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt
- c) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli
- d) Jóhann og Sigrún, Brekkugerði

7. Fjárbeiðnir

- a) ÚÍA
- b) Bjarni Jens Kristinsson

8. Fundargerðir

- a) Aðalfundur Skógarorku 28.06
- b) Stjórnarfundur Skógarorku 28.06 og 15.08
- c) Austfirsk eining 15.08
- d) Brunavarnir á Austurlandi 24.06
- e) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands, ásamt ársreikningi Skólaskrifstofu Austurlands 2010
- f) Fundargerð stjórnar SSA 25.08
- g) Skólaskrifstofa Austurlands 02.09
- h) Fjallskilanevnd 04.09

9. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Fljótsdalsdagur Ormsteitis 21. ágúst sl. tókst með ágætum. 20 manns gengu niður með Bessastaðaá í blíðskaparveðri og um 500 manns mættu á dagskrá á Skriðuklaustri.

Landsvirkjun efndi til skoðunarferðar með sveitarstjórn og ábúendum Valþjófsstaða 1, 24. ágúst. Skoðaður var frágangur á virkjanasvæðum og Landsvirkjun kynnti fyrirhugaðar

framkvæmdir við Sauðárveitu. Þar sem frágangi er lokið, líta framkvæmdasvæði heilt yfir vel út og sár að gróa upp.

Oddviti og lögmaður sveitarfélagsins áttu fund með fulltrúum Landsvirkjunar í Reykjavík 26. ágúst. Farið var yfir niðurstöður á áætluðu og endanlegu fasteignamati Fljótssaldsstöðvar og rætt um uppgjör vegna mismunar sem myndaðist á árunum 2007 og 2008. Áætlað var að hitta forsvarsmenn Landsnets í sömu erindagjörðum, en af því varð ekki.

Í framhaldi af ósk Gráa hundarins ehf um endurskoðun leigusamnings um heimavistarálmu Hallormsstaðaskóla funduðu fulltrúar frá Fljótssaldshéraði og Fljótssaldshreppi 2. september með skólastjóra Hallormsstaðaskóla og Þrání Lárussyni. Skólanefnd fær málið til umsagnar og sveitarstjórnirnar taka það svo til afgreiðslu.

Landsnet boðaði oddvita í ferð til að skoða frágang við Kröflulínu 30. ágúst. Frágangur þess hluta byggðalínu sem tekinn hefur verið niður var einnig skoðaður og rætt um að hve miklu leyti sé æskilegt að sá og bera á sár sem myndast hafa. Með í för var fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Fyrir í sumar var brotist inn í söfnunarbauk á áningarstað við Hengifossá og rænt úr honum söfnunarfé. Einnig hefur sigarettustauk sem skrúfaður var á snyrtihús verið rænt. Mjög erfitt eða ógerlegt er að koma í veg fyrir slíka verknaði, eða hafa upp á þeim sem verkin frömdu.

Árlegt eftirlit HAUST á salernisaðstöðu við Hengifossá fór fram í ágúst og voru engar athugasemdir gerðar, og þrif og aðkoma sögð með ágætum.

UMFÍ boðar til ungmennaráðstefnu sem ber yfirskriftina „Ungt fólk og lýðræði“ í Hveragerði 22.24. september. Ráðstefnan er ætluð ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Þátttökugjald fyrir hvern einstakling er kr. 10.000,- UMFÍ mun taka þátt í ferðakostnaði þátttakenda.

UMFÍ hefur látið hanna veggjald til forvana vegna neyslu ungmenna á munntóbaki. Sveitarfélögum og sambandsaðilum gefst kostur á að setja upp skiltin í og við íþróttamannvirki sín og bæta þá á þau logóm.

Orkustofnun hefur fengið leyfi til að nýta upplýsingar um legu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Enginn kostnaður á að falla til vegna þessa.

Ekki hefur verið gengið frá kaupum á húsnæði á Egilsstöðum í sem ætlað er til afnota félagsstarfi eldri borgara, þar sem eignaskiptayfirlýsing liggur enn ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignasala er þess ekki langt að bíða að gögn verði tilbúin til undirritunar og þá hægt að ganga frá fyrirhuguðum kaupum.

Í Hallormsstaðaskóla eru nú 12 grunnskólabörn úr Fljótssald, þar af 11 í skólaakstri. Ekkert barn úr Fljótssald er í leikskólanum. Alls eru 53 nemendur í Hallormsstaðaskóla (grunn- og leikskólabörn).

Áherslupunktur sem sendur voru frá Fljótsdalshreppi varðandi fjárfestingaráætlun á Austurlandi vörðuðu m.a. Gunnarsstofnun, Snæfellsstofu/þjóðgarð, hreindýr, viðarkyndistöð Hallormsstað, vegamál og rafmagnskostnað í dreifðari byggðum.

2. Framkvæmdir við Laugarfellskála.

Fundargerðir verkfunda 10.08 og 01.09. Sveitarstjórn fer næsta fimmtudag í Laugarfell og athugar þá staðsetningu fyrir hesthús og mögulega veltengingu yfir Laugará.

3. Styrkvegir, vegamál og vegskilti.

Erindi frá Aðalsteini Jónssyni um Klausturselsleið. Hann óskar eftir að Fljótsdalshreppur láti laga leiðina á kafla á Miðheiði. . Ákveðið að skoða þennan umrædda vegkafla og taka svo ákvörðun í framhaldi af því. Þegar hefur verið samið við Svein Ingimarsson og Einar Örn Guðsteinsson um lagfæringar á Klausturselsleið fyrir það fjármagn sem fæst úr styrkvegaskjöldi á árinu kr. 1 millj. Einnig hefur verið samið við sömu aðila um reiðvegagerð frá Végarði meðfram vegi út Hantó, áleiðis að Bessastaðaá. Til ráðstöfunar eru 3 millj.

Samþykkt að panta bæjarskilti fyrir alla bæji í Fljótsdal, þ.e.a. s. þar sem ekki eru nýleg skilti. Einnig stefnt að því að endurnýja sveitarfélagskilti við Hrafnsgarðisá og Gilsá.

4. Aðalfundur SSA, Hallormsstað 30.09-01.10

Kosning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa

Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins og til vara varaoddviti.

5. Bréf

- a. Eiríkur J. Kjerúlf 02.09. Varðar fjallskil. Var vísað til fjallskilaneftar og tekið þar fyrir á fundi 04.09.
- b. Landsvirkjun 11.08. Varðar GSM samband í Norðurdal og Suðurdal. Fyrirhugað er að setja upp sendi á Miðfell sem mun bæta ástand í innanverðum Fljótsdal.
- c. Jafnréttisstofa 15.08. Óskað er eftir að fá afhenta jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun sem sveitarfélögum er skylt að gera. Oddviti mun svara erindinu.
- d. Innanríkisráðuneytið 10.08. Varðar eflingu sveitarstjórnarstigsins, umræðuskjal og gátlisti. Kynnt.
- e. Helgi Hallgrímsson 08.08. Varðar útgáfu Fljótsdalsbæklings og fl. Kynnt.
- f. Iðnaðarráðuneytið 19.08. Rammaáætlun um orkunýtingu. Umsagnarfrestur rann út 19.08.2011.
- g. Innanríkisráðuneyti. 01.09.2011. Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekn 2011. Úthlutað framlag til Fljótsdalshrepps 2011 er kr. 2.478.690-

6. Umhverfisstyrkir

- a. Ábúendur Arnheiðarstaða. Samþykktur hámarksstyrkur.
Þorvarður vék af fundi.
- b. Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Samþykktur hámarksstyrkur
Þorvarður kom inn á fund.
- c. Þórhallur Þorsteinsson, Hóli. Samþykktur hámarksstyrkur
Jóhann vék af fundi.
- d. Jóhann og Sigrún, Brekkugerði. Samþykktur hámarksstyrkur.
Jóhann kom til fundar.

7. Fjárbeiðnir

- a. ÚÍA. Sótt er um framlag fyrir árið 2012. Vísað til fjárhagsáætlunar.
- b. Bjarni Jens Kristinsson. Sækir um styrk vegna þátttöku í skámótum í Austur-Evrópu í vetur. Samþykkt að styrkja Bjarna Jens um kr. 50.000-

8. Fundargerðir

- a. Aðalfundur Skógarorku 28.06. Kynnt.
- b. Stjórnarfundur Skógarorku 28.06 og 15.08. Kynnt.
- c. Austfirsk eining 15.08. Kynnt.
- d. Brunavarnir á Austurlandi 24.06. Kynnt.
- e. Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands, ásamt ársreikningi Skólaskrifstofu Austurlands 2010. Kynnt.
- f. Fundargerð stjórnar SSA 25.08. Kynnt.
- g. Skólaskrifstofa Austurlands 02.09. Kynnt.
Þorvarður vék af fundi.
- h. Fjallskilanevnd 04.09. Sveitarstjórn samþykkir fjárveitingu vegna smölunar á Hraunum fyrir 7 menn. Hvað varðar tillögu fjallskilanevndar um fjárframlag frá sveitarfélaginu til fjáreigenda vegna fjallskila, er ákvörðun frestað og tillagan talin þurfa frekari umræðu og kynningu..
Þorvarður kom inn á fund.

9. Önnur mál.

Varðar veðursjá á Miðfelli í landi Valþjófsstaða. Leyfi frá umráðamanni lands og landeiganda liggur fyrir, en skilyrt er að stofnuð verði sér lóð og lóðaleigusamningur gerður.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)